



FUNDARGERÐ 496. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 9. apríl 2024. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík, og fjarfundur.

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Aldís Stefánsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Sækja fjarfund: Sigrún Hulda Jónsdóttir í fjarveru Orra Hlöðverssonar, Sigríður Hulda Jónsdóttir í fjarveru Guðfinns Sigurvinssonar, og Svana Helen Björnsdóttir.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri, sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Samskipti milli funda

Formaður, hluti stjórnar og framkvæmdastjóri gengu á fund stjórnar SSH og upplýstu um málefni ESA og stöðu hátæknibrennslu og hugmyndasamkeppni um framtíðarnýtingu urðunarstaðar í Álfsnesi.

2. Árangursmat stjórnar

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir tilboðum ráðgjafafyrirtækja í vinnu við gerð árangursmats stjórnar. Tilboð bárust frá Deloitte, Intellecta og KPMG. Stjórn felur framkvæmdastjóra að ræða nánar við Deloitte og KPMG.

3. Innri endurskoðun SORPU bs.

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir vinnu við viðbrögð SORPU bs. við athugasemdum og ábendingum innri endurskoðenda SORPU. Vinna er hafin innan SORPU við að leysa úr öllum atriðum.

4. Erindisbréf áhættunefndar

Framkvæmdastjóri kynnir drög að erindisbréfi áhættunefndar. Áhættunefnd var nýlega færð til í skipuriti og svarar nú beint til stjórnar.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi erindisbréf áhættunefndar, og óskar eftir kynningu á áætluðum kostnaði við starfsemi nefndarinnar á næsta fundi stjórnar.

5. Skýrsla framkvæmdastjóra – stiklað á stóru úr rekstri SORPU

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir rekstri tiltekinna verkefna í starfsemi SORPU.



6. ESA málið – staða og næstu skref

Haraldur Flosi Tryggvason Klein lögmaður tekur sæti á fundinum klukkan 08:33. Haraldur leggur fram yfirlit yfir meðferð ESA-málsins og stöðu, og gerir grein fyrir næstu skrefum í því. Stjórn SORPU bs. bókar eftirfarandi:

„Í ljósi tilmæla menningar- og viðskiptaráðuneytisins, sbr. bréf dags. 3. apríl 2024, felur stjórn SORPU framkvæmdastjóra, í samvinnu við lögmenn félagsins og eftir atvikum aðra sérfræðinga, að hefja undirbúning að tilfærslu allrar efnahagslegrar starfsemi SORPU í félag eða félag með takmarkaðri ábyrgð eiganda, með það að markmiði að koma til móts við bráðabirgðaákvörðun ESA. Framkvæmdastjóra er jafnframt falið að kynna stöðu málsins fyrir eigendum með viðeigandi hætti og kalla eftir afstöðu þeirra.“

Svana Helen vísar af fundi 08:40.

Haraldur Flosi vísar af fundi klukkan 08:53.

7. Málafni endurvinnslustöðva – staða verkefna hjá starfshópum

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu tveggja vinnuhópa sem starfa fyrir endurvinnslustöðvar SORPU – annarsvegar hóps um mótun framtíðarstefnu fyrir rekstur endurvinnslustöðva, og hins vegar hóps sem metur þörf fyrir að ný stöð opni í stað Dalveggar, og staðsetningar sem kæmu til skoðunar. Góður gangur er í vinnu beggja hópa, og mun síðarnefndi hópurinn skila stjórn tillögum á næsta fundi stjórnar.

Sigríður Hulda vísar af fundi 09:05.

8. Neyslukönnun Gallup

Árelía vísar af fundi 09:14.

Samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri gerir grein fyrir niðurstöðum neyslukönnunar Gallup.

9. Önnur mál

Stjórn stefnir að því að halda vinnufund 28. maí frá 11:30-16:00.

Rætt var um bréfpoka, sem verða íbúum áfram aðgengilegir endurgjaldslaust á endurvinnslustöðvum SORPU og í Góða hirðinum. Verslanir hafa hafið sölu á bréfpokum undir matarleifar.

Svana Helen tengist fundi að nýju 09:25

Kynningaráætlun fyrir skýrslu um hátækniþrennslu liggur fyrir og stefnt að útgáfu skýrslu 18. apríl.

Stjórn SORPU vekur athygli á IMaR-ráðstefnu 18. apríl um sorpbrennsur.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 7. maí klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 09:37.

Skýrsla framkvæmdastjóra Staða helstu verkefna og mála

Meiri texti

Helstu verkefni

- Ný urðunarein
 - Opið hús í GAJU 25. apríl
 - Urðun á fyrsta ársfjórðungi 2024
 - Innleiðing á nýju grenndargámakerfi
 - Mengaður jarðvegur
 - Niðurrif á forvinnslulínu
 - Ár frá flutningi á Góða hirðinum
 - Textílsöfnun SORPU hefst 1. júní
-

Ný urðunarrein

- Unnið er að opnun nýrrar urðunarreinar í samræmi við viðauka við eigendasamkomulag um rekstur urðunarstaðar í Álfsnesi
- Nýrri urðunarrein er ætlað að mæta þörf fyrir urðun til ársins 2030, og lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af rekstri urðunarstaðarins



Opið hús í GAJU 25. apríl

- SORPA býður í heimsókn í GAJU á sumardaginn fyrsta, 25. apríl næstkomandi
 - Þar verður íbúum höfuðborgarsvæðisins boðið að sækja sé moltu úr matarleifunum sem safnað er á öllum heimilum
 - Gestum verður einnig boðið í skoðunarferðir um GAJU til að kynna sér starfsemi verksmiðjunnar
-

Urðun á fyrsta ársfjórðungi 2024

- Vel hefur gengið að draga úr urðun á urðunarstað SORPU í Álfsnesi það sem af er ári
- Á fyrsta fjórðungi ársins voru urðuð rúm 1.560 tonn, sem er tæplega 90% samdráttur frá fyrsta ársfjórðungi síðasta árs



Innleiðing á nýju grenndargámakerfi

- Innleiðingu á nýju grenndargámakerfi á höfuðborgarsvæðinu lauk í mars
 - Enn á eftir að ljúka við merkingar hluta gáma, sem verða merktir í sumar
 - Með nýju kerfi er málmí og gleri nú safnað á öllum grenndarstöðvum
 - Allir gámar á höfuðborgarsvæðinu eru nú búnir skynjara, svo þjónustuaðili fær sjálfkrafa tilkynningu þegar gámur þarfnast tæmingar
 - Pappír, plasti, textíl, og flöskum og dósum er safnað á hluta grenndarstöðva
-

Niðurrif á forvinnslulínu

- Stefnt er að því að hefja niðurrif á forvinnslulínunni í móttöku- og flokkunarstöðinni á árinu
 - Rekstri línunnar var hætt 1. október 2023, þegar alfarið var hætt að vinna matarleifar úr blönduðu rusli
 - Til stendur að nýta það rými sem losnar í stöðinni við niðurrif forvinnslulínunnar til að auka skilvirkni stöðvarinnar
-

Mengaður jarðvegur

- Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa kallað eftir varanlegum farvegi fyrir mengaðan jarðveg sem fellur til á svæðinu
- Til skoðunar er að fjárfesta í búnaði sem getur unnið mengaðan jarðveg



Ár frá flutningi Góða hirðisins

- Þann 1. apríl 2024 var ár liðið frá flutningi Góða hirðisins í nýtt og betra húsnæði við Köllunarklettsveg 1
- Í tilefni af því var blásið til lítillar veislu föstudaginn 5. apríl, þar sem viðskiptavinum var boðin kökusneið og kaffi, auk þess sem allar vörur í versluninni voru á afsláttarkjörum



Textílsöfnun SORPU hefst 1. júní

- SORPA hefur söfnun á textíl á grenndarstöðvum 1. júní næstkomandi
 - Frá þeim tímapunkti verður textíl safnað á öllum grenndarstöðvum á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við hringrásarlögin
 - Með þessu mun SORPA geta aukið aðgengi ýmissa aðila, á borð við listaháskóla, nýsköpunarfyrirtæki og frumkvöðla að textíl
 - Samhliða því mun SORPA hefja útflutning á textíl til ábyrgrar afsetningar hjá erlendum samstarfsaðilum
-

Stutt yfirlit yfir málsmeðferð í ESA máli nr. 81738 – ætluð ólögmet ríkisaðstoð til SORPU

- Málið hófst með nafnlausri kvörtun sem ESA barst í **febrúar 2018**, þar sem á því var byggt að almenn undanþága frá tekjuskatti, sem SORPA nýtur sem byggðasamlag á grundvelli 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt, feli í sér ólögmeta ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Kvörtunin barst íslenskum yfirvöldum upphaflega til umsagnar þann 5. mars 2018.
- Í forúrskurði, dags. **16. maí 2023**, kemst ESA að þeirri niðurstöðu að starfsemi SORPU, að því marki sem hún telst „efnahagsleg“, eigi að vera tekjuskattskyld.
- LMG lögmenn kynna minnisblaði, dags. **26. september 2023**, fyrir stjórn SORPU þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að líkur á að ESA muni falla frá þeirri afstöðu að SORPA njóti ólögmetrar ríkisaðstoðar þegar kemur að efnahagslegri starfsemi á samkeppnismarkaði væru hverfandi. Stjórn SORPU bókar á fundi sama dag:

„Að fenginni kynningu á greiningu og niðurstöðu LMG lögmanna á stöðu máls ESA gegn íslenska ríkinu vegna almennrar tekjuskattsundánþágu SORPU hefur stjórn samlagsins komist að þeirri niðurstöðu að leggja það til við Menningar- og viðskiptaráðuneytið að hefja skuli samtal við ESA sem miði að því að endurskoða fyrirkomulag á tekjuskattsundánþágu SORPU í ljósi ríkisaðstoðarreglna EES-samningsins.

Framkvæmdastjóra er falið að annast nauðsynlegan rekstur málsins af hálfu SORPU, og kynna málið á vettvangi eigenda.“

- Staða málsins var kynnt af fulltrúa borgarlögmanns og lögfræðingi SSH á fundi eigenda þann **2. október 2023**.
- Staða málsins var kynnt af fulltrúa borgarlögmanns á fundi stefnuráðs þann **6. október 2023**.
- Eftir fundi með lögmönnum SORPU og fulltrúum SSH sendi íslenska ríkið svarbréf til ESA, þann **10. október 2023**, þess efnis að ekki væri tilefni til að mótmæla frekar þeirri afstöðu ESA að almenn tekjuskattsundánþága sem SORPA nyti gæti falið í sér ríkisaðstoð í bága við 61. gr. EES-samningsins og að óskað væri eftir viðræðum við ESA um leiðir til úrbóta.
- Staða málsins var kynnt af Haraldi F. T. Klein, lögmanni, á fundi stefnuráðs þann **17. nóvember 2023**.
- LMG lögmenn kynna minnisblað, dags. **5. febrúar 2024**, um greiningu og sviðsmyndir í kjölfar samkomulags um málsmeðferð við ESA í máli nr. 81738. Í minnisblaðinu voru settar fram tvær megin leiðir sem færar væru til úrbóta:

LEIÐ A: Breyting á undanþáguákvæði 4. gr. laga nr. /2003/2003 um tekjuskatt sem felur í sér að þá takmörkun að efnahagsleg starfsemi byggðasamlaga tengd meðhöndlun úrgangs nýtur eftirleiðis ekki tekjuskattsfrelsis.

LEIÐ B: Tilfærsla allrar efnahagslegrar starfsemi SORPU í félag eða félög með takmarkaðri ábyrgð eigenda. Það sem undanþáguákvæði 2. tl. 4. gr. laga 90/2003 um tekjuskatt nær einungis til stofnana eða fyrirtækja í eigu sveitarfélaga sem þau

bera ótakmarkaða ábyrgð á þýddi þessi aðgerð að skattundanþágan og þar með meintur ríkisstyrkur væri ekki lengur fyrir hendi.

- Stjórn SORPU bókar í kjölfar kynningar á minnisblaðinu þann **6. febrúar 2024**:
„Stjórn SORPU felur Haraldi Flosa að kynna menningar- og viðskiptaráðuneytinu niðurstöðu minnisblaðsins.“
- Staða málsins var kynnt af fulltrúa borgarlögmanns og lögfræðingi SSH á fundi eigenda þann **19. febrúar 2024**.
- Í kjölfar fundar Haraldar Flosa með fulltrúum ýmisra ráðuneyta sendi Menningar- og viðskiptaráðuneytið bréf, dags **3. apríl 2024**, þar sem tilkynnt var um afstöðu stjórnarráðsins til þeirra valkosta sem tilgreindir voru í minnisblaði LMG, þar sagði:
„Með bréfum MVF dags. 7. mars sl., lagði ráðuneytið, sem fer með framkvæmd þess hluta EES-samningsins sem fjallar um ríkisástoð og gegnir samræmingar- og leiðbeiningarhlutverki í málaflöknum, til að FJR yrði falið að taka leið A til frekari skoðunar og mats, og þá jafnframt hvaða lagabreytingar þyrftu að koma til undir þeirri leið, til að unnt væri að koma til móts við bráðabirgðaákvörðun ESA. Frestur til athugasemda vegna þessa var veittur til 2. apríl sl.“

Með tölvupósti FJR til MVF, dags. 20. mars 2023, upphýst í FJR um að skattaskrifstofa ráðuneytisins hefði tekið tillögu A til skoðunar og að svo stöddu væri það mat FJR að sú tillaga væri ekki raunhæf og krefðist ítarlegri skoðunar. Þá kom fram það mat skattaskrifstofunnar að athugasemd ESA virðist fyrst og fremst snúast um samkeppnismálgögn því eðlilegra að SORPA bregðist við athugasemdum ESA út frá þeim sjónarmiðum en ekki verði séð að skattalög standi í vegi fyrir því að fyrirtækið endurskipuleggi starfsemi sína þannig að komið verði til móts við athugasemdir ESA, sbr. tillögu B. Bendir skattaskrifstofan á í þessu sambandi að tekjuskattur hlutafélaga (ohf.) er 20% samanborið við tekjuskatt annarra fyrirtæja sem er 37,6%. Mögulega sé Íslandi þó ekki stætt á öðru en að fara í athugun á starfsemi óskattskeyldra aðila líkt og gert hefur verið í Noregi út frá athugasemdum ESA.

Með vísan til framanritaðs er það mat MVF að næstu skref séu að lögmennt SORPU í samráði við fyrirtækið vinni að tilfærslu allrar efnabagslegrar starfsemi SORPU í félag eða félag með takmarkaðri ábyrgð eiganda (leið B), með það að markmiði að koma til móts við bráðabirgðaákvörðun ESA.“

- Staða málsins var kynnt af framkvæmdastjóra SORPU og lögfræðingi SSH á fundi eigenda þann **8. apríl 2024**.
- Boðaður er stöðufundur með lögmanni SORPU og fulltrúum MVF og ESA fimmtudaginn 11. apríl næstkomandi.

8. apríl 2024

Haraldur Flosi Tryggvason Klein



SORPA

Einkasurningar - Neyslukönnun 2023
Höfuðborgarsvæðið



- **Netkönnun**



- **15. desember 2023 – 7. janúar 2024**



- **Könnun gerð meðal fólks, 18 og eldri af landinu öllu, handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup**

- **3166 manna úrtak**
- **1354 svör**
- **Þátttökuhlutfall 43%**


Markmið

- **Að kanna ímynd og ánægju með þjónustu SORPU auk þess að kanna umfang flokkunar meðal almennings**
- **Að kanna vitund og viðhorf til nýs flokkunarkerfis**

Þjónusta SORPU

Hversu oft að jafnaði ferð þú á endurvinnslustöðvar/grenndargáma/fatagáma SORPU?


Year



Tímabil: Year

Fjöldi skipta á ári - Höfuðborgarsvæðið

Á hvaða endurvinnslustöð SORPU ferð þú oftast?



Tímabil: Year


Á hvaða endurvinnslustöð SORPU ferð þú oftast?

Greiningar

Búseta á höfuðborgarsvæðinu


- Mið- og Vesturbær, Seltjarnarnes
- Hlíðar, Laugardalur, Háaleiti
- Breiðholt
- Árbær, Grafarholt
- Grafarvogur, Kjalarnes
- Mosfellsbær
- Kópavogur
- Garðabær
- Hafnarfjörður

Fjöldi




■ Reykjavík - Ánanaust
 ■ Reykjavík - Jafnasel
 ■ Reykjavík - Sævarhöfði
 ■ Hafnarfjörður - Breiðhella
 ■ Kópavogur - Dalvegur
 ■ Mosfellsbær - Blíðubakki

Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þjónustu endurvinnslustöðva SORPU?



Tímabil: Year


Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með grenndarstöðvar SORPU?



Tímabil: Year

Þau sem fara á grenndarstöðvar SORPU voru spurð þessarar spurningar

Er eitthvað sem þú telur að SORPA geti gert betur?




n = 291


Flokkun úrgangs

Flokkar þú eða þið á heimilinu ...?

% sem svarar Alltaf/Oftast.....




Flokkar þú eða þið á heimilinu pappír og pappa (t.d. dagblöð, bréfpokar, pitsakassar og pappírsumbúðir)?



Viljum líka fá þá sem segja „Flokkast oftast“ yfir í „Flokkast alltaf“


Tímabil: Year

Flokkar þú eða þið á heimilinu plastumbúðir?



Tímabil: Year


Flokkar þú eða þið á heimilinu matarleifar?



Tímabil: Year


Nýtt flokkunarkerfi

Hefur þú heyrt um nýtt flokkunarkerfi heimilisúrgangs á höfuðborgarsvæðinu?




Tímabil: Year

Hversu vel eða illa líst þér á nýtt flokkunarkerfi heimilisúrgangs á höfuðborgarsvæðinu?




Tímabil: Year

Hversu auðvelt eða erfitt er fyrir þitt heimili að flokka heimilsúrgang í fjóra úrgangsflokka?



Tímabil: Year

Hvers vegna er það erfitt fyrir þitt heimili að flokka heimilisúrgang í fjóra úrgangsflokka?



Þau sem telja erfitt að flokka í fjóra úrgangsflokka voru spurð þessarar spurningar

Takk fyrir!

Minnisblað

Til: Stjórnar Sorpu bs.

Frá: Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra

Dagsetning: 8. apríl 2024

Efni: Árangursmat stjórnar

Í framhaldi af ákvörðun stjórnar frá 5. mars sl. þar sem framkvæmdastjóra var falið að kanna verð á vinnu við framkvæmd árangursmats stjórnar var verðfyrirspurn send til fjögurra ráðgjafa, þ.e. Deloitte ehf., Intellecta ehf., KPMG ehf. og Strategíu ehf.

Óskað var tilboða í framkvæmd árangursmats stjórnar Sorpu bs., stjórnarformanns og framkvæmdastjóra. Með tilboðum átti að fylgja lýsing á verkefnisnálgun ásamt þóknun. Tekið var fram að félagið er byggðarsamlag sem lýtur ákvæðum sveitarstjórnarlaga og var óskað eftir því að árangursmatið tæki til þessa félagafoms.

Tilboð bárust frá Deloitte ehf., Intellecta ehf. og KPMG ehf.

Bjóðandi	Tilboðsfjárhæð án vsk.
KPMG	950.000 kr.
Deloitte	1.170.560 kr.
Intellecta	2.100.000 kr.

Verkefnisnálgun allra bjóðenda er í grunninn byggð upp með svipuðum hætti, þ.e. sendur er rafrænn spurninglisti á alla stjórnarmenn, tekin eru viðtöl, skýrsla er lögð fyrir stjórn og í framhaldi af fundi er aðgerðaráætlun unnin. Hinsvegar er munur á því milli bjóðenda við hverja viðtöl eru tekin og hversu ítarlega er farið yfir fyrirleggjandi starfsreglur og samþykktir.

Í tillögu KPMG eru tekin viðtöl við þá 2 stjórnendur sem vinna mest með stjórn. Deloitte tekur einnig viðtal við tvo aðila en þar er gert ráð fyrir því að taka viðtöl við stjórnarformann annars vegar og framkvæmdastjóra hinsvegar. Eru viðtölin tekin í upphafi ferilsins og byggir spurningakönnunin m.a. annars á niðurstöðum þessara viðtala.

Intellecta gerir hinsvegar ráð fyrir því að taka einstaklingsviðtöl við alla stjórnarmenn auk framkvæmdastjóra. Sá mikli munur sem er á þóknun Intellecta annars vegar og hinn tveggja bjóðenda liggur í þessum lið. Þar sem um verðfyrirspurn var að ræða þá var kannað hjá Intellecta hvort þeir vildu gera tilboð þar sem tekið er viðtal við 2 aðila en það var mat fyrirtækisins að mikilvægt sé að tala við alla stjórnarmenn.

Í tölfunni hér að neðan er yfirlit yfir helstu verkþætti og hvort þeir séu tilgreindir í verkefnisnálgun.

Verkþættir	KPMG	Deloitte	Intellecta
Undirbúningur rafrænnar könnunar		X	X
Rafræn spurningakönnun	X	X	X
Einstaklingsviðtöl*	2	2	7
Mat á stjórnarháttum		X	X
Skýrsla	X	X	X
Skýrsla um árangursmat stjórnarformanns og/eða framkvæmdastjóra		X	X
Yfirferð á stjórnarfundi	X	X	X
Fundur með framkvæmdastjóra vegna árangursmats		X	
Aðgerðaráætlun og lokaskýrsla	X	X	X

- Sjá umfjöllun að ofan.

Öll tilboð eru meðfylgjandi.

Niðurstaða

Þar sem ekki er um útboðsskylt verkefni að ræða og formleg verðfyrirspurn var send út á nægjanlegan fjölda aðila þá er stjórn heimilt að velja þann aðila sem býður þá verkefnisnálgun sem stjórn telur að uppfylli óskir þeirra óháð verði.

Erindisbréf

Áhættunefnd Sorpu bs.

Stjórn Sorpu bs. skipar áhættunefnd byggðasamlagsins. Nefndin sinnir ráðgjafa- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn Sorpu bs. varðandi áhættustjórnun í rekstri og vegna mótunar og innleiðingar á áhættustefnu og áhættuvilja.

Samsetning og skipan

Áhættunefnd skal skipuð 3 einstaklingum og þar af einum stjórnarmanni SORPU bs.

Formaður og nefndarmenn skulu búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að framkvæma áhættugreiningu og áhættumat, auk þess að gera tillögur til stjórnar um áhættustefnu og áhættuvilja byggðasamlagsins.

Áhættustjóri Sorpu er starfsmaður nefndarinnar og hefur málfrelsi og tillögurétt á fundum.

Stjórn Sorpu skal skipa áhættunefnd og formann hennar innan eins mánaðar frá því að stjórn samlagsins er skipuð. Stjórn ákvarðar þóknun nefndarmanna.

Skipunartími áhættunefndar er eitt ár.

Erindisbréf þetta skal endurskoða samhliða skipun nefndarinnar.

Hlutverk áhættunefndar

Hlutverk áhættunefndar er eftirfarandi:

- Að yfirfara árlega stefnuskjali samlagsins um áhættustjórnun og innra eftirlit. Gera tillögur að breytingu á stefnuskjalinu ef þurfa þykir og leggja til samþykktar fyrir stjórn.
- Að yfirfara skilvirkni áhættustýringar- og eftirlitsefni samlagsins, þar með talið að umgjörð samlagsins fyrir greiningu og stýringu á áhættuþáttum séu fullnægjandi og taki til allra áhættuþátta í rekstri Sorpu bs. Gera tillögur til stjórnar að útbótum ef nauðsyn ber til.
- Yfirfara árlega yfirlýsingu stjórnar um áhættuvilja og koma með tillögur að breytingum sem lagðar eru fyrir stjórn til samþykktar.
- Hafa umsjón með gerð áhættumats á skuldbindingum sem falla undir gr. 4.3 í eigendastefnu Sorpu.
- Fara reglubundið yfir mat á áhættum í áhættuskra samanborið við áhættuvilja og meta þörf um upplýsingagjöf til stjórnar t.d. í þeim tilfellum sem áhættuskor mælist umfram áhættuvilja.
- Yfirfara árlega skýrslu áhættustjóra um málefni áhættustýringar.
- Stjórn Sorpu bs. getur á hverjum tíma falið áhættunefnd að skoða og fylgja eftir hvers konar álitaeftum varðandi áhættustýringu Sorpu bs.
- Áhættunefnd er heimilt að taka til skoðunar að eigin frumkvæði hvers konar álitaefti sem upp kunna að koma varðandi áhættustýringu Sorpu bs.
- Áhættunefnd skal einu sinni á ári framkvæmda árangursmat á störfum sínum og samsetningu nefndarinnar.

Starfshættir og fundir nefndarinnar

Áhættunefnd skal koma saman á tveggja vikna fresti að jafnaði. Til að fundur sé ályktunarbær þurfa að minnsta kosti 2 nefndarmenn að sitja fundinn. Meirihluta atkvæða þarf til að samþykkja tillögur.

Formaður nefndarinnar boðar til funda.

Áhættustjóri í samvinnu við formann áhættunefndar skal undirbúa dagskrá og gögn funda.

Áhættustjóri ritar fundargerðir. Samþykkt fundargerð skal vera undirrituð af nefndarmönnum sem sátu fund ásamt fundarritara.

Áhættunefnd er heimilt að leita ráðgjafar sérfræðinga, óháða byggðasamlaginu, til að sinna ákveðnum verkefnum. Kostnaður vegna slíkrar ráðgjafar skal samþykktur af stjórn Sorpu bs.

Áhættunefnd er heimilt að leita til stjórnenda Sorpu bs. og annarra starfsmanna eftir atvikum til aðstoðar og ráðgjafar.

Formaður nefndarinnar skal sjá til þess að nýir nefndarmenn fái leiðsögn og upplýsingar um störf og starfshætti nefndarinnar.

Upplýsingagjöf og tillögur til stjórnar.

Áhættunefnd skal að lágmarki tvisvar á ári gefa stjórn félagsins yfirlit um helstu viðfangsefni nefndarinnar á starfsárinu.

Stjórn Sorpu bs. getur á hverjum tíma óskað eftir upplýsingum eða skýrslum frá áhættunefnd.

Tillögur áhættunefndar um breytingar eða úrbætur skulu lagðar fyrir fyrsta stjórnarfund til samþykktar eftir afgreiðslu áhættunefndar.

Nefndin skal gera tillögur til stjórnar varðandi álitafni sem nefndin hefur orðið vör við í tengslum við ábyrgðarsvið sitt og telur að ættu að koma til skoðunar hjá stjórn Sorpu bs.



Stjórnarfundur 496

Staða verkefna innri endurskoðun

09. apríl 2024

Jón Viggó Gunnarsson
Framkvæmdastjóri

Verkefnastýring

- Öll verkefni hafa verið skilgreind og eru komin í verkefnastýringu og vinnslu
- Stýrihópur samanstendur af framkvæmdastjóra, verkefnastjóra á fjármálasviði og verkefnastjóra á skrifstofu framkvæmdastjóra
- Verkefnastjóri er Ísól Fanney Ómarsdóttir
- Verknin eru unnin á vettvangi:
 - Umhverfis- og gæðastjóra
 - Skrifstofu framkvæmdastjóra
 - Fjármálasviði
 - Innkaupastjóra
 - UT ráði SORPU bs
 - Áhættunefnd og stjórn SORPU bs
- Unnið með 6 yfirflokka/verkstofna

Stjórnhættir

	Athugasemd	Úrlausn	Staða
Ábending	Starfsreglur stjórnar ekki uppfærðar, taka ekki mið að ríkjandi skiplagi	Unnið að tillögum sem verður unnið með á vinnudegi stjórnar	Verkefnastjóri á skrifstofu framkvæmdastjóra er með í skoðun
Ábending	Ráðningatími stjórnar, valdheimildir og fl. Eigendastefna, framtíðarsýn	Unnið að minnisblaði sem lagt verður fyrir stjórn	Verkefnastjóri á skrifstofu framkvæmdastjóra er með í skoðun
Ábending	Erindisbréf áhættunefndar	Drög hafa verið unnin í samráði við áhættunefnd og PWC. Verður lagt fyrir stjórn til samþykktar á fundi 496	Er í yfirllestri og drög lögð fyrir stjórn á fundi nr. 496
Áhætta	Frammistöðumat stjórnar	Leitað hefur verið tilboða frá ráðgjafa til að vinna að þessu mati	Tilboð verður lagt fyrir stjórnarfund 496
Áhætta	Frammistöðumat framkvæmdastj.	Leitað hefur verið tilboða frá ráðgjafa til að vinna að þessu mati	Tilboð verður lagt fyrir stjórnarfund 496
Áhætta	Setja inní starfsáætlun stjórnar að skýrslur undirnefndar séu lagðar fram	Búið að gera uppkast að starfsáætlun stjórnar sem búið er að kynna fyrir stjórn, þarf að bæta inn eftir athugasemd frá innri endurskoðun.	Uppkast tilbúið og verður lagt fyrir á vinnufundi stjórnar
Áhætta	Nýta sér sérþekkingu sem er innan endurskoðunarnefnd.	Uppfæra þarf erindisbréf endurskoðunarnefndar og tryggja virkni nefndarinnar í störfum stjórnar.	Verkefnastjóri á skrifstofu framkvæmdastjóra er með í skoðun
Áhætta	Taka upp ráðningabréf/erindisbréf milli stjórnar og undirnefnda.	Uppfæra þarf erindisbréf endurskoðunarnefndar og tryggja virkni nefndarinnar í störfum stjórnar. Unnið að tillögum	Verkefnastjóri á skrifstofu framkvæmdastjóra er með í skoðun

Áhættustýring

	Athugasemd	Úrlausn	Staða
Ábending	Skjöluð stefna endurspeglar ekki raunverulega framkvæmd og verklag tengt áhættustjórnun.	Áhættustefnan yfirfarin og uppfærð amk árlega. Setja inni starfsáætlun endurskoðun áhættustefnu.	Verður sett í uppfærða starfsáætlun stjórnar sem fjallað verður um á vinnufundi stjórnar
Áhætta	Skipa áhættstjóra.	Unnið að starfs- og hlutverkalýsingu og samtenginu við áhættunefnd	Leitað hefur verið til PWC.
Áhætta	Skilgreina hlutverk í nefndinni, tilnefna varaformann	Á fundi nefndarinnar verði tilnefndur varaformaður, eða annar sem getur kallað saman fund í forföllum formans	Mun verða sett inni erindisbréf.
Ábending	Heildaryfirsýn varðandi áhættur, meta áhættur á hverjum starfsstað	Verður komið til áhættunefndar til úrlausnar	
Ábending	Koma UT áhættu inni áhættuskrá	Verður komið til áhættunefndar til úrlausnar. Undirbúningur hafinn hjá UT ráði SORPU bs.	Ut ráð er með málið í vinnslu og leggur svo drög fyrir áhættunefnd
Ábending	Óskýrt umboð áhættunefndar eftir skipulagsbreytingu	Útbúa erindisbréf áhættunefndar	Er í yfirllestri og drög lögð fyrir stjórn á fundi nr. 496
Ábending	Koma inn reglubundinni skýrslugjöf til stjórnar frá áhættunefnd	Sett inni uppfærða starfsskrá stjórnar	Verkefnastjóri á skrifstofu framkvæmdastjóra er með í skoðun
Ábending	Uppfæra heildstæða úttektaráætlun samlagsins.	Er hluti af gæðastýringu SORPU. Er verið að uppfæra í tengslum við ytri og innri úttektaráætlun SORPU. Gert árlega	Umhverfis- og gæðastjóri með verkefnið
Ábending	Niðurstöðuskýrsla um innri gæðaúttektir sem lög er fyrir stjórn	Fara yfir með umhverfis - gæðastjóra og bæta inni starfsskrá stjórnar.	Verðum að setja inni starfsáætlun stjórnar hvenær umhverfis- og gæðastjóri á að kynna fyrir stjórn.

Fjármálasvið

	Athugasemd	Úrlausn	Staða
Áhætta	Ekki til formlegar reglur um skipulag á samþykkt á reikningum. Drög hafa verið útbúin en ekki gefin út	Ljúka þarf gerð, samþykkt og útgáfa reglna um samþykkt reikninga	Búin að fara yfir með fjármálasviði sem eru að vinna að því að gera lista.
Áhætta	Í einhverjum tilvikum er sami aðili fyrsti og annar samþykkjandi á kostnaði í samþykktartöflum í BC	Koma á eftirliti með kostnaðarfærslum sem hafa aðeins verið samþykktar að einum aðila	Búin að fara yfir með fjármálasviði sem eru að vinna að úrbótum.

Starfsmannastjórnun - skipulag og eftirlitsaðgerðir

	Athugasemd	Úrlausn	Staða	Dags
Til skoðunar	Huga að því með hvaða hætti er gerð grein fyrir starfslokum þegar ekki unnt að að eiga starfslokasamtal	Búið að fara yfir með mannauðsstjóra. Skiptar skoðanir um hvort og hvernig á að skrá ástæður.	Lokið, verður tilgreint í launakerfi, Kjarna	13-Mar
Til skoðunar	Huga má að því að samræma ráðningasamninga	Búið að fara yfir með mannauðsstjóra. Nýtt sniðmát hefur verið tekið í notkun	Lokið, nýtt sniðmát tekið í notkun	13-Mar

Upplýsingaöryggi / upplýsingastjórnkerfi

	Athugasemd	Úrlausn	Staða
Athugasemd	Hætta er á þarfagreiningu án kröuflysingar sé ómarkviss	Athugasemd tengist innleiðingu BC en á við allt annað. Gerðar hafa verið þarfagreiningar sem þarf að endurskoða og skilgreina markmið.	Er í skoðun hjá UT ráði og framkvæmdastjórn.
Athugasemd	Ljúka skjölun á breytingastjórnun, skoða innleiðingu á nýju kerfi.	Greina stöðu innleiðingar á BC og stjórnendaupplýsinga	Verkefnastjóri á fjármálasviði er að taka saman minnisblað um innleiðinguna á BC og öðrum kerfum á fjármálasviði
Athugasemd	Hætt við að upp komi misskilningur um aðgangsheimildir	Vinna þarf frekari greiningu á þessari athugasemd. Lagt til að skrásetja greinagóðar lýsingar	Verkefnastjóri á fjármálaviði er með í úrvinnslu
Áhætta	þarf að gefa út upplýsingaöryggisstefu	Ljúka þarf við gerð og útgáfu upplýsingaöryggisstefnu	Unnið í UT ráði.
Áhætta	Hætta á að vafi leiki um aðskilnað skylduverka og ábyrgð á upplýsingakerfum	Ljúka þarf við gerð upplýsingaverðmætaskráar og skilgreina ábyrgðaraðil uppýsingakerfa	Unnið í UT ráði. Skoða aðkomu ráðgjafa
Áhætta	Áhættuatriði án nokkurra viðbragða eða umfjöllunar gera valdið skaða ef ekki er brugðist við þeim	Bregðast þarf við þeim áhættuatriðum sem þarfnast viðbragða samkvæm áhættumati	Kerfið er í útvistun hjá Advania og staðist prófanir þar. Tngja þarf betur áhættuskrá Advania við áhættuskrá SORPU bs. Einnig þarf að tengja áhættugreiningar SecureIT við áhættuskrá SORPU bs. Unnið í UT ráði
Áhætta	Árása og veikleikapróf	Úrbætur þar sem veikleikar eru	Búið að verða við þessu, upplýsingar lágu ekki fyrir þegar úttektin var gerð
Áhætta	Ekki hægt að vinna með viðbragð og endurheimtun þegar viðbragðshópur er skipaður aðilum sem eru ekki starfandi	Uppfæra þarf viðbragðs- endurheimtar áætlun þannig að viðbragðshópur verði skipaður viðeigandi aðilum.	Áfallastjórnun í IT er á forræði Advania að mestu. Tengja þarf eigendur viðskiptakerfa SORPU við áhættustjórnunaráætlun Advania og útbúa skipulag og ferla.
Áhætta	Yfirfærsla þekkingar og aðgengi að skráðu innra eftirlit þarf að vera til staðar	yfirfærsla þekkingar ábótavant	Hluta til hjá Advania, er í skoðun hjá UT ráði
Áhætta	Skjölum upp færðu áhættumati og skráning á eftirlitsaðgerðum þarf að vera til staðar	Mikilvægt að fara yfir allar stefnum er varða upplýsingatækni . Tengja við áhættustjórnun hjá SORPU bs.	Var langt komið er úttekt var gerð Lokadrög komin og eru í rýni
Áhætta	Þar sem skortur er á yfirfærslu þarf að skilgreina hratt og vel úrbótaferli við slíkar aðstæður	Aðstoða þarf nýja aðila við að ná stjórnkerfinu á ásættanlegt stig. Yfirfærsla ábyrgðar og verkefna var í gangi þegar úttekt fór fram.	Hluti er komin til Advania og yfirumsjón hefur UT ráð. Eigendur viðskiptakerfa hafa verið skilgreindir og hlutverk þeirra í mótun.

Innkaupastýringar -innkaupareglur -eftirlit með innkaupum

	Athugasemd	Úrlausn	Staða
Athugasemd	Mögulega er á að ekki sé samræmi milli innkaupstefnu SORPU og innkauparegla Reykavíkurbogar	Gæta að samræmi í reglum. SORPA bs úppfærði reglur sínar skömmu áður en Reykjavíkurborg uppfærði sínar reglur. Ekki var búið að taka tillit til breytinga þegar úttekt átti sér stað.	Innkaupastjóri er að yfirfara innkaupareglur SORPU, með upplýsingar um hinar nýju reglur til hliðsjónar
Athugasemd	Hætta er á að rangur skilningur geti skapast við lestur á meginreglu útboða í vinnuleiðbeiningum	Lagt er til að uppfæra lykilmálgreinar í vinnuleiðbeiningum um innkaupareglur og heimildir	Innkaupastjóri er að yfirfara innkaupareglur SORPU
Áhætta	Hætta á að þekking og reynsla glatist við óformlega yfirfærslu verkefna	Yfirfara þarf ábyrgð og verksvið innkaupastjóra, samræma þarf umboð og ábyrgð stafsmanna þegar kemur að innkaupum	Innkaupastjóri er með þetta til skoðunar
Áhætta	Upplýsingar til skoðunarmanna vegna starfsloka og leyfa hjá lykilstarsmönnum skorin við nögl	Gera skoðunarmönnum og eftirlitsaðilum grein fyrir ástæðum startfsloka, gæta að mögulegri sviksemi og yfirfærslu verkefna.	Framkvæmdastjóri metur þörfina hvort þess gerist þörf. Upplýsingaskylda takmarkast við persónuleg málefni viðkomandi og gæta þarf að persónuvernd hverju sinni.
Áhætta	Hætta á að farið sé á svig við innkaupareglur ef ekki eru gerðir verk eða þjónustustamingar við birgja	Að í mælaborðum þarf að huga að því að unnt sé að afmarka nægilega mög ár aftur í timann svo hægt sé að taka saman fjárhæðir eftir birgjum og tímabilum	Innkaupastjóri er að koma upp nýju verklagi og reglum
Áhætta	Möguleiki á að ekki hafi verið farið eftir innkaupareglum	Koma þarf áformuðu upplýsingamælaborði vegna innkaupa í gagnið eins fljótt og verða má	Innkaupastjóri er að koma upp nýju verklagi og reglum